



FÉLAG LEIÐSÖGUMANNA
Mörkin 6 • 108 Reykjavík • e-mail: leidsaga@tv.is
TELEPHONE: + 354 588 8670 • FAX: 568 9875
ICELAND TRAVEL GUIDES' ASSOCIATION
VERBAND ISLÄNDISCHER REISELEITER
Kennitala 510772-0249

Alþingi
Erindi nr. P 127/289
komudagur 29.11.2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 27. nóvember 2001.

Félaginu hefur borist þingsályktunartillaga á þskj. 159-158 mál. Um er að ræða þingsályktunartillögu um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni. Verði tillagan samþykkt verður umhverfissráðherra falið að skipa nefnd, er hafi það hlutverk að undirbúa stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni. Samkvæmt tillögunni yrði megin markmiðið með þjóðgarðinum að varðveita og kynna jarðsögu Heklu.

Félag leiðsögumanna telur það vera flestum stofnunum á Íslandi ofviða að ætla sér að varveita jarðsögu Heklu, þar sem hún er væntanlega í stöðugri framþróun og mun taka óendanlegum breytingum um ókomnar aldir. Félagið er hins vegar sammála því að með stofnun þjóðgarðs um Heklu yrði lögð sérstök áhersla á kynningu jarðsögunnar. Hekla er í hópi frægust eldfjalla heims, því eru bundnar þjóðsögur, trú á yfirskilvitlega krafta og á öldum áður var þetta eldfjall talið vera eini inngangurinn á jarðríki inn í hinn eilífa eld Vitis. Þetta eru atriði sem gert hafa Heklu að einu helsta aðdráttarafli ferðamanna á Íslandi og mikill fjöldi þeirra leggur þangað leið sína ár hvert.

Það er því verðugt verkefni fyrir íslenska fræðimenn að fást við kynningu á jarðsögu þessara stórbrotnu náttúruafla og gera þau skiljanleg öllum almenningi. Því telur Félag leiðsögumanna augljóst að í þjóðgarði þessum myndi starfa jarðsöguleg upplýsingastofnun. Við ráðningu forstöðumanns slíkrar stofnunar þætti félaginu eðlilegt að tekið yrði mið af fræðimanni úr jarðvísindagreinum. Jafnframt þætti félaginu við hæfi að um vel menntaðan leiðsögumann ferðamanna yrði að ræða.

Virðingarfyllst


Borgþór S. Kærnested
formaður Félags leiðsögumanna